



27. fundur stjórnar LH 2024-2026
5. nóvember 2025 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Þórisson og Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Ragnhildur Gísladóttir, Jón Þorberg Steindórsson, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson.

Forföll boðaði: Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Fundarsköp og samskipti stjórnarmanna

Rætt um samskipti milli stjórnarmanna og vinnubrögð stjórnar. Góð umræða og stjórnin er samtaka.

Hilmar vikur af fundi.

3. Formannafundurinn 8. nóvember

Farið yfir dagskrá fundarins og hlutverk stjórnarfólks á fundinum.

4. Uppskeruhátíðin

Undirbúningur og öflun styrkja fyrir verðlaunum gengur vel og lítur út fyrir að miðasala verði góð.

5. Afreks- og landsliðsmál

Formaður landsliðsnefndar skýrði frá gangi mála í Landsliðsnefnd. Svör voru send til umsækjenda Hæfileikamótunar í dag, 42 knapar hafa verið valdir til þátttöku í Hæfileikamótun 2025-2026. Rætt um tillögur að breyttu verklagi í afreksmálum. M.a. sem lagt er til er að sett verði á laggirnar Valteymi sem mun hafa eftirfarandi hlutverk:

Landsliðsþjálfari starfar með tveggja manna valteymi sem samanstendur af afreksstjóra og formanni landsliðsnefndar. Valteymið aðstoðar við gagnaöflun, greiningu árangurs og undirbúning valferlis fyrir landslið. Valteymið hefur ráðgefandi hlutverk, og ber landsliðsþjálfara að leita álits beggja aðila á sameiginlegum fundi áður en endanleg ákvörðun um val landsliðs er tekin. Landsliðsþjálfari hefur þó endanlegt ákvörðunarvald um val í landslið.

Unnur kemur inn á fund



Ráðning þjálfara

Landsliðsnefnd mun senda út frétt um stöðuna í afreksmálum og um leið sagt frá því að verið sé að leita að nýjum þjálfurum, áhugasamir beðnir um að hafa samband við formann landsliðsnefndar eða framkvæmdastjóra LH.

Stefnt er á að ganga frá ráðningu fyrir áramót.

6. Reiðleiðir og samskipti við sveitarfélög – samþykkt að fá reiðveganefnd inn á fundinn eftir formannafund

7. Starfshópur um reglugerð um Fjórðungsmót

Eftirtaldir aðilar skipa starfshóp um reglugerð Fjórðungsmóts:

Reynir Atli Jónsson – formaður starfshópsins

Sigríður Herborg Sigurðardóttir

Valdimar Ólafsson

Bjarki Þorvaldur Sigurbjartsson

Pálmi Guðmundsson

Magnús Benediktsson

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Erindi frá æskulýðsnefnd FEIF um að halda Youth Leadership seminar á Íslandi 2027

Æskulýðsnefnd FEIF hefur óskað eftir að FEIF Youth Leadership Seminar 2027 verði haldið á Íslandi.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela æskulýðsnefnd LH að halda leiðtoganámskeið FEIF 2027.

9. Tillögur til FEIF þings frá NIHC – frestað til næsta fundar

10. Önnur mál

a. Kostnaður v. afreksmála verði aðskilinn frá öðrum rekstri LH í bókhaldi - JÞS
Mikil orka og tími starfsmanna skrifstofu fara í afreksmálin, verkefni er varða almenningisþróttina hinn almenna félagsmann í hestamannafélagi sitja óhjákvæmilega á hakanum. JÞS veltir upp hugmyndum um hvort laun afrekstjóra eigi að færa í bókhaldi alfarið undir afreksmálin.

Afgreiðsla: Til frekari umræðu á næsta staðfundi.

- b. Ráðinn inn annar starfskraftur á skrifstofu sem að kemur til með að sinna almenningisþróttinni og hestamannafélögum - frá JÞS.

Afgreiðsla: Til frekari umræðu á næsta staðfundi.

Fundi slitið kl. 22.02